

**Nd.**

**601. Frumvarp**

til laga um verðfestingu pappirsgjaldeyris.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Jón A. Jónsson.

1. gr.

Svo fljótt sem við verður komið, og eigi síðar en 1. júlí 1930, skal Landsbanki Íslands gefa út og setja í umferð gullgilda, innleysanlega seðla

samkvæmt ákvæðum 3.—12. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands. Seðlar þessir skulu að útliti vera greinilega frábrugðnir þeim seðlum, sem nú eru í umferð.

2. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og ríkissjóðs og seðlar Íslandsbanka eru í umferð, skal gildi þeirra gagnvart gulli og gullgildum seðlum vera þannig, að 100 kr. í þessum seðlum, sem nefnast íslenskar pappírskrónur, jafngildi 81 kr. og 70 au. í gullgildum seðlum og gullmynt. Eftir 31. des. 1933 skulu þessir seðlar ekki lengur vera löglegur gjaldeyrir manna í milli eða í opinber gjöld, en bankarnir skulu þó enn um 2 ár vera skyldir að innleysa seðla, sem framvísað verður, eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur.

3. gr.

Allar kröfur, skuldir og skuldbindingar, sem taldar eru í krónutali og stofnaðar eru eða stofnaðar verða á tímabilinu 7. ágúst 1914 til 1. jan. 1932, skulu lúkast í íslenskum pappírskrónum. Eftir að seðlar samkv. 1. gr. eru komnir í umferð, skal greiðanda ávalt heimilt að inna greiðsluna alla eða nokkurn hluta hennar af hendi í gullgildum krónum, eftir því hlutfalli, að hverjar 81.70 gullkrónur jafngildi 100 kr. af þeirri upphæð, sem greiða ber í pappírskrónum.

Á sama hátt skulu allar framhaldandi greiðslur, sem taldar eru í krónum, svo sem landskuldir, húsaleiga, vextir, kaupgjald, iðgjöld og því um líkt, svo og skattar og gjöld til opinberra þarfa, lúkast í íslenskum pappírskrónum, eða jafngildi þeirra í gullkrónum samkvæmt framansögðu, til ársloka 1931.

4. gr.

Frá ársbyrjun 1932 skulu allar greiðslur þær, sem ræðir um í 3. gr., umreiknaðar í gullgildar krónur með lækkaðri krónutölu eftir hlutfallinu 81.70:100. Frá sama tíma skulu allar verslanir verðleggja vörur sínar í gullgildum krónum og ríkissjóður inna af hendi launagreiðslur í gullgildum krónum, og skulu allar upphæðir þessar lækka að krónutali eftir hlutfallinu 81.70:100 frá því, sem vera mundi á sama tíma, ef greitt væri í pappírskrónum.

5. gr.

Með konunglegri tilskipun má kveða nánar á um það, hverjar kröfur og skuldir skuli undanþegnar ákvæðum 3. og 4. gr. af þeirri ástæðu, að þær eru stofnaðar fyrir 7. ágúst 1914.

6. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og seðlar Íslandsbanka eru í umferð og eru löglegur gjaldeyrir, skal báðum bönkunum skylt að innleysa þá með gullmynt eða gullgildum seðlum, ef handhafi óskar, þannig að 81.70 kr. í gullmynt eða gullgildum seðlum sjeu greiddar fyrir hverjar 100 kr. í núverandi seðlum. Nánari reglur um þessa innlausnarskyldu getur ráðherra sett.

7. gr.

Með konunglegri tilskipun má setja ákvæði um skiftimynt, svo sem þarf vegna framkvæmdar þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Flutningsmönnum þykir ekki rjett, að lággengistímabil það, er staðið hefir yfir undanfarin ár, endi með því, að myntlögum landsins verði breytt. Framvarp þetta miðar að því að halda myntlögunum óbreyttum, án þess þó, að örðugleikar gengishækkunar verði lagðir á þjóðina.